

Að dvelja í tímanum

Um ást og umhyggju í tilgátusögunni *Rúmmálsreikningur*¹

Skáldsagan *Rúmmálsreikningur* (*Om udregning af rumfang*) eftir danska rithöfundinn Solvej Balle hefur vakið mikla athygli í hinum alþjóðlega bókmenntaheimi á síðustu árum. Skáldsagan er hugsuð sem verk í sjö hlutum og á síðustu fimm árum hafa sex bindi komið út í Danmörku og þau þrjú fyrstu verið þýdd yfir á íslensku með glæsibrag af Steinunni Stefánsdóttur.² Fyrsta bindið kom út á frummálinu árið 2020 og það sjötta í ágúst 2025.³ Solvej Balle var tilnefnd til Alþjóðlegu Bookerverðlaunanna fyrir fyrsta bindið af *Rúmmálsreikningi* og fékk Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir þau þrjú fyrstu sem komu út árin

¹ Mig langar að þakka Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, fyrir veittan styrk á árinu 2025 til að vinna þessa grein. Greinin er unnin upp úr doktorsritgerð minni, „Poetiske fortællinger i traumatiske tider: Om jordiske relationer, resonans, bearbejdelse og alternative levemåder i dansk samtidslitteratur og samtidskunst.“ Háskóli Íslands, 2026. Ritgerðin er aðgengileg á vefnum Opin vísindi, <https://opinvísindi.is/items/fb48877d-168b-4cf5-a4ce-c2c81fba75ec>.

² Solvej Balle, *Om udregning af rumfang I*, Ærø: Pelagraf, 2020, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang II*, Ærø: Pelagraf, 2020, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang III*, Ærø: Pelagraf, 2021, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, Ærø: Pelagraf, 2022, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, Ærø: Pelagraf, 2023. Solvej Balle, *Om udregning af rumfang VI*, Ærø: Pelagraf, 2026. Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, Steinunn Stefánsdóttir þýddi, Reykjavík: Benedikt, 2023, Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur II*, Steinunn Stefánsdóttir þýddi, Reykjavík: Benedikt, 2024, Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, Steinunn Stefánsdóttir þýddi, Reykjavík: Benedikt, 2025. Ég vísa almennt í íslensku þýðingarnar þar sem þær eru til-tækar en hef sjálf þýtt allar þær beinu tilvitnanir í fjórða, fimmta og sjötta bindi, sem koma við sögu í greininni.

³ Balle hefur sagt frá því að hún hafi byrjað að vinna að hugmyndinni á bakvið skáld-söguna strax árið 1987. Nanna Mogensen, „Hun har skrevet på romanen i 36 år...“, *Skönlitteratur*, DR, P1, 12. apríl 2023, 56 mín., sótt 11. nóvember 2024 af <https://www.dr.dk/lyd/p1/skoenlitteratur/skoenlitteratur-2023/skoenlitteratur-hun-har-skrevet-paa-romanen-i-36-aar-11032303153>.



2020 og 2021.⁴ Í umsögn dómnefndar Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs segir að skáldsagan sé meistaraverk á sviði tilgátuskáldskapar (e. *speculative fiction*) sem er ein grein vísindaskáldskapar og sú sem miðar að því að skapa mögulega framtíðarheima án þess að einblína um of á tækninýjungar eða framfarir sem byggja á uppjötvunum raunvísindanna.⁵ Bókmenntafræðingurinn Sophie Wenerscheid hefur sagt að tilgátubókmenntir „feli í sér frásagnir af heimi, sem ekki kemur heim og saman við þær hugmyndir um heiminn sem við göngum venjulega út frá að séu réttar.“⁶ Þetta á svo sannarlega við um *Rúmmálsreikning* þar sem aðalsöguhetjan, ung kona sem ber nafnið Tara Selter, situr föst í úmanum, og upplifir sama daginn – 18. nóvember – aftur og aftur. Solvej Balle, sem er heimspækimenntuð, hefur sjálf sagt að *Rúmmálsreikningur* sé tilgátusaga sem segir frá ímynduðum heimi og er drifin áfram af hugmyndum.⁷ Í stað þess að ganga út frá eigin reynslu leitast Balle við að koma hugmyndum og kenningum, sem hún sækir gjarnan í heimspeki og hugmyndasögu, í skáldskaparlegt form.

Rúmmálsreikningur á í stöðugu samtali við samtíma sinn ekki síður en fortíð og framtíð. Fyrsta bindið kom út árið 2020 þegar Covid-19 heimsfaraldurinn var nýlega skollinn á og lýsingar Töru Selter, þar sem hún dvaldi í hálfgerðum felum í gestaherberginu á sínu eigin heimili, hafa án efa vakið upp þá tilfinningu hjá einhverjum lesendum að upplifa sig sem fanga í einhvers konar hliðarveröld. En

⁴ The Booker Prize, „Solvej Balle,“ sótt 12. júní 2025 af <https://thebookerprizes.com/the-booker-library/authors/solvej-balle>, „13 of the best speculative fiction novels, nominated for the Booker Prizes,“ *The Booker Prizes*, sótt 19. nóvember 2025 af <https://thebookerprizes.com/the-booker-library/features/the-best-speculative-fiction-novels-and-books> og „Solvej Balle: Om udregning af rumfang I, II og III. Roman. Pelagraf, 2020-2021. Nomineret til Nordisk Råds litteraturpris 2022“, *Nordisk samarbejde*, sótt 1. desember 2023 af <https://www.norden.org/da/nominee/solvej-balle>.

⁵ „Solvej Balle. Om udregning af rumfang I, II og III.“ Í íslenskri gerð síðunnar er hugtakið „spekulatívfíktion“ þýtt sem *spáskáldskapur* en ég held mig við að nota hugtakið *tilgátuskáldskapur*. Svo virðist sem ekki sé fullkomin samstaða um hvernig eigi að þýða hugtakið en ég hef einnig heyrt það þýtt sem *ihugunarskáldskapur* og *vangaveltuskáldskapur*. Í enskumælandi heimi hafa ýmsir fjallað um þessa tegund skáldskapar en mér hefur þótt gagnlegt að lesa lýsingar Donnu Haraway á tilgátufrásögnum í bók sinni *Staying in the Trouble. Making Kin in the Chthulucene* frá árinu 2016.

⁶ Sophie Wenerscheid, „På sporet af en posthuman virkelighed. Dansk spekulativ litteratur i 2010'erne.“ *Passage* 85, 2021, 99–113, hér bls. 111. Mín þýðing.

⁷ Jes Stein Pedersen, „Solvej Balle stak af fra rollen som offentlig forfatter. Nu er hun tilbage med det værk, hun har skrevet på i over 30 år“, *Politiken, Bogfolk*, 20. mars 2020, 40 mín., 18 sek., sótt 1. desember 2023 af <https://politiken.dk/podcast/bogfolk/> og Peter Nielsen, „Solvej Balle var 90'ernes store litterære stjerne, men så forsvandt hun. Nu er hun tilbage“, *Information*, 21. febrúar 2020, sótt 18. nóvember 2024 af <https://www.information.dk/kultur/2020/02/solvej-balle-90ernes-store-litteraere-stjerne-saa-forsvandt-tilbage>.

Það er ekki aðeins heimsfaraldurinn sem finnur sér þannig leið inn í skáldsöguna heldur fjallar *Rúmmálsreikningur* einnig um loftslagsbreytingar, neyslusamfélagið og ágang mannsins á náttúruna. Þetta verður augljósara eftir því sem líður á frásögnina en strax í fyrsta bindi verðum við vör við hvernig ótti Töru við að ganga á þær birgðir sem finna má í matvöruverslunum vex jafnt og þétt eftir því sem hún dvelur lengur í 18. nóvember. Framboðið af matvöru er ekki ótakmarkað – enda grundvallast matvælaframleiðsla, líkt og öll framleiðsla, á auðlindum jarðar og er því hluti af því jarðneska neti sem við erum hluti af.

Í þessari grein mun ég sýna fram á hvernig megi lesa *Rúmmálsreikning* í ljósi kenninga Michels Foucault um heterótópíur, kenninga Hartmuts Rosa um samsvæflu (þ. *Räsonanz*) og kenninga Luce Irigaray um misgengi og ást, og hvernig Balle notar hugtökin um *drauga* og *skrímsli* um leið og hún fjallar um jarðnesk tengsl og stöðu mannverunnar sem lifir á Jörðinni.

Tíminn

Þrátt fyrir að ég leggi áherslu á að lesa *Rúmmálsreikning* sem uppbyggilega gagnrýni á hraða- og neyslusamfélag samtímans og sem tilgátusögu um það hvað gerist þegar ást, umhyggja og samvinna verður drifkrafturinn í samlífi fólks hvert með öðru og með öðrum lífverum á Jörðinni, þá verður því ekki neitað að tíminn, og afstæði hans, er lykilatriði í frásögninni.

Í upphafi skáldsögunnar upplifir aðalsöguhetjan Tara Selter að sami dagurinn, 18. nóvember, eitthvert ótilgreint ár, rennur upp annan daginn í röð. Hún sest til borðs að morgni til á veitingastað hótelsins í París sem hún dvelur á og upplifir þá að atburðir sem hún varð vitni að daginn áður endurtaka sig á nákvæmlega sama hátt og daginn áður. Hún ályktar að lokum sem svo að hún sé föst í 18. nóvember. Sagan er sögð út frá sjónarhorni Töru, líkt og hún sé að skrá minningar sínar á blað. Hún segir svo frá:

Ég pantaði kaffi, náði í mat á hlaðborðið og fór með dagblað að borðinu mínu en um leið og ég renndi augunum yfir forsíðuna sá ég að þetta var sama blað og ég hafði lesið daginn áður. Þegar ég fór fram í móttöku hótelsins og spurði um blað dagsins var mér svarað að það væri einmitt blaðið sem ég væri með í höndunum, í dag væri átjándi nóvember og daginn áður hefði verið sautjándi. Ég efni yfirleitt ekki til rökræðna um þess háttar staðreyndir, ekki einu sinni þegar ég veit að ég hef rétt fyrir mér, svo ég fann annað dagblað frá deginum áður, sneri aftur að borðinu mínu og kláraði kaffið.

Það fóru ekki að renna á mig tvær grímur fyrir en einn hótélgesturinn missti brauðsneið á gólfíð. Ég veit auðvitað að þess háttar atburðir gerast aftur og aftur á hótélum um allan heim en nákvæmlega þessi gestur hafði einnig misst brauðsneið daginn áður á sama stað í morgunverðarsalnum. Þetta var sneið af ljósu brauði af sömu stærð og það sem hann hafði misst daginn áður [...]. Hreyfingar gestsins voru einnig þær sömu. Það var sama hik á honum þegar hann beygði sig eftir brauðsneiðinni og hann virtist ekki geta ákveðið hvað hann ætti að gera við hana þegar hann var búinn að taka hana upp af gólfinu.⁸

Daginn eftir gerist það sama – og daginn þar á eftir endurtekur 18. nóvember sig enn og aftur og þannig heldur það áfram. Í lok sjötta bindisins hefur Tara lifað 14.712 daga eða í rúmlega fjórutíu ár í 18. nóvember. En það sem skilur verk Balle frá flestum öðrum verkum sem fjalla um fólki sem festist í tímanum er að Tara man atburði gærdagsins, safnar reynslu og eldist.

Frásögn Töru hefst fjórum mánuðum eftir að tíminn fór úr skordum. Hún hefur þá snúið til baka frá París og komið sér fyrir í gestaherberginu á heimili sínu og mannsins síns í smábæ í Norður-Frakklandi, og byrjar að rifja upp, skrifa niður minningar sínar og segja frá því sem gerðist. Hún læðist um húsið og gætir þess að trufla ekki eiginmann sinn, Thomas, sem líður áfram dag eftir dag í sama mynstrinu. Á hverjum degi vaknar hann, aðhefst það sama og gengur í gegnum sama daginn aftur og aftur án þess að vera sjálfur meðvitaður um það. Tara felur sig í gestaherberginu á meðan hann er heima og hlustar eftir öllum hljóðunum sem fylgja honum. Í gegnum þrusk í húsinu fylgist hún með ferðum hans og dvelur með honum í tímanum þrátt fyrir að tíminn sjálfur hafi farið úr lið og skapað gjá á milli þeirra. Smám saman áttar lesandinn sig á því að á meðan Thomas upplifir alltaf sama daginn er það Tara sem lifir með tímanum, reynsluheimur hennar stækkar og líkaminn eldist.⁹ Hár hennar og neglur halda áfram að vaxa. „Aldurinn,“ skrifar hún, er „tilfinningin fyrir því að vera mótuð af tímanum. Að tíminn setji ekki aðeins mark sitt á minningarnar, heldur einnig líkamann.“¹⁰ Tara eldist. Thomas breytist ekki. Þannig verður það smám saman óljóst hvort það er raunverulega Tara sem situr föst í tímanum – eða hvort að það sé í raun Thomas sem lifir í kyrrstöðu. „Ég mundi. Thomas gleymdi. Ég færðist í tíma. Thomas var kyrr,“ skrifar Tara á degi 123.¹¹ Tara kveður Thomas

⁸ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 29–30.

⁹ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 77.

¹⁰ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 77.

¹¹ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 81.

en heimsækir hann reglulega næstu árin. Stundum bankar hún upp og útskýrir fyrir honum hvað gerst hafi, stundum lætur hún nægja að fela sig í gestaherberginu og finna fyrir nærveru hans í húsinu.

Þegar Tara heimsækir Thomas á degi 4541 í fimmta bindi *Rúmmálsreiknings* er hún sýnilega orðin eldri en þegar þau hittust síðast.¹² Hún hefur breyst. Thomas hefur ekki breyst. Hún safnar reynslu. Hann stendur kyrr. Það er þá sem hún áttar sig á því að gjáin á milli þeirra er orðin djúp og heldur áfram að dýpka. Síðustu nóttina sem hún dvelur á heimili þeirra eru liðin meira en 28 ár frá því að þau lifðu í sama tíma. Í þetta skiptið gerir hún ekki vart við sig heldur lætur sér nægja að finna fyrir nærveru Thomasar í gegnum þrusk og önnur hljóð. Þegar hún er þess fullviss að hann sé sofnaður læðist hún upp í herbergi þeirra hjóna. Hún segir svo frá: „Það var ekki Thomas, sem lá í rúminu. Það var ekki maðurinn minn, og það var ekki elskhuginn sem ég hafði týnt. Þetta var ung manneskja, sem hafði lagt sig í rúmið hans Thomasar. Eða þannig upplifði ég það. Eins og það hefði orðið tilfærsla.“¹³ Hún bætir við að innst inni hafi hún gert ráð fyrir að Thomas hefði fylgt tímanum, að hann hefði elst eins og hún sjálf og þó að það hafi verið órókrétt hafi henni brugðið við að sjá að svo var ekki:

Mér leið eins og við hefðum farið hvort sína leið, og ég hafði komið í heimsókn og hafði búist við að sjá miklu eldri Thomas sem kom heim og saman við þann tíma sem var liðinn. [...] En hinn eldri Thomas var hvergi. Hann var farinn og hafði verið skipt út fyrir manneskju sem var alltof ung. Það var óhugnanlegt. Eins og að sjá inn í aðra vídd, framandi heim, og ég hugsaði með mér að einmitt svona hlyti það að vera fyrir Thomas ef hann opnaði augun og sæi allt aðra Töru standa í dyragættinni á svefnherberginu og virða hann fyrir sér.¹⁴

En Thomas opnar ekki augun, hann sefur áfram, og að lesandanum læðist sú hugsun, enn á ný, að ef til vill sé það fremur Thomas sem sé fastur í tímanum en ekki Tara. Nema það eigi ef til vill við um þau bæði. Thomas er fastur í sinni eigin endurtekningu en Tara er föst í ytri endurtekningu.

Tíminn í *Rúmmálsreikningi* er engan veginn einsleitur heldur rennur hann bæði áfram og í hringi, fer í alls kyns slaufur – en þó má segja að hann fylgi fyrst og fremst tveimur formum eða eigi sér stað í tveimur tímaheildum, og stundum

¹² Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 21.

¹³ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 185.

¹⁴ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 185–186.

líkir Tara þessum tímaheildum við ílát eða rými.¹⁵ Á einum stað talar hún um tímann sem þrívítt rými¹⁶ og þaðan er ef til vill sprottið heiti skáldsögunnar *Rúmmálsreikningur*. Tara ferðast á milli tímarýmanna tveggja sem skáldsagan gerist í án þess að geta að fullu sagt skilið við þann tíma sem henni hefur verið kippt inn í og horfið til baka til þess tíma sem henni var kippt úr, enda seytlar tíminn á milli þessara tveggja tímaheilda en opnast aldrei alveg. Ef við hugsum um tímann sem ólík rými sem við búum í og getum jafnvel við vissar aðstæður ferðast á milli, getum við ef til vill betur skilið hvers vegna Tara finnur fyrir gangi tímans á eigin líkama þó að hún dvelji í tíma sem endurtekur sig í sífellu. Í fyrsta bindi skáldsögunnar talar Tara um að það sé engu líkara en til sé annar tími sem líði undir hennar eigin tíma, að tíminn sé lagskiptur, og stundum sé eins og tíminn sem líði fyrir neðan dagana hennar seytili upp á við.¹⁷ Þannig fléttast ólík rými tímans saman. Í öðru bindi verksins talar hún um að tveir tímar fléttist saman en án þess að fylgja ákveðnum reglum.¹⁸ Þetta kemur til dæmis í ljós þegar Tara reynir að fá hluti, bækur, föt eða matvöru til að fylgja sér áfram úr hinum hefðbundna tíma og inn í þann hliðartíma sem hún lifir í. Stundum heppnast það en stundum ekki. Eftir því sem líður á söguna áttar Tara sig á því að eina leiðin fyrir hana til að fá hluti sem hún eignast til að dvelja hjá sér í tímanum og fylgja sér í stað þess að hverfa þegar nýr dagur rennur upp sé að halda þeim þétt að líkamnum og sýna þeim alúð og umhyggju. Þetta verður mjög skýrt í sjötta bindi sögunnar þegar Tara og félagar hennar, sem deila með henni tímarými, sofa í gróðurhúsum til þess að fá fræ og plöntur til að vaxa. Í þessu sjötta bindi talar Tara einnig um þörfina fyrir að breytast að lokum í mold (d. *kompost*) sem nærir lífið á jörðinni og verða þannig raunverulegur hluti af lífinu í safnhaugnum.¹⁹ Hér má segja að Balle kinki kulli til líffræðingsins og heimspekingsins Donnu Haraway sem líkir lífinu á Jörðinni við líf í safnhaug.²⁰

¹⁵ Sjá meðal annars Solvej Balle, *Om udregning af rumfang I*, bls. 59 og 134, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang II*, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang III*, bls. 36 og 132, Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 160.

¹⁶ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 160.

¹⁷ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang I*, bls. 131.

¹⁸ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 51.

¹⁹ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang VI*, bls. 46–47.

²⁰ Donna J. Haraway, *At blive i besværet. Om at skabe slægt i chthulucæn*, þýðandi Ole Lindegård Henriksen, Kaupmannahöfn: Forlaget Mindspace, 2021. Sjá til dæmis bls. 98 og 162. Þess má geta að hugmyndin um að renna saman við lífið í safnhaugnum og verða að mold kemur fyrir strax í fjórða bindi skáldsögunnar, sjá Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 140.

Ástin

Eitt af því sem einkennir *Rúmmálsreikning* og gerir lesturinn ánægjulegan er sú ást og vinátta sem einkennir samskipti persónanna. Þetta á ekki síst við um samband og samskipti þeirra Töru og Thomasar. Snemma kemur í ljós að þau eru mjög samrýnd og samstíga í lífinu.²¹ Samband þeirra virðist einlægt og ástríkt. Þegar Tara snýr aftur frá París, eftir að hafa upplifað 18. nóvember hvað eftir annað, þá ákveður hún að reyna að útskýra fyrir Thomasi hvað hafi komið fyrir hana. Hann efast ekki um að hún segi satt, og dregur upplifun hennar ekki í efa, en á hverjum degi þegar hún vaknar við hlið hans, verður hún að endurtaka frásögnina. Það tekur á. Í hvert skipti er líkt og þau lögmál sem hann gerir ráð fyrir að heimurinn starfi eftir séu að liðast í sundur. „Ég heyrði það á raddblæ hans. Hin hægláta skelfing þegar hann skildi hvað hefði gerst og hik hans og tilraun til að finna skynsamlega skýringu.“²² Stuttu síðar bætir hún við: „Grunninum var kipt undan tilveru hans, viðvörunarkerfi hans hafði verið ræst, skyndihjálpar-kassinn opnaður. Opnun inn í heim þar sem allt getur breyst.“²³ Jörðin skríður undan fótum Thomasar líkt og þegar við gerum okkur grein fyrir því að það sem við höldum alltaf að gæti ekki gerst hefur átt sér stað. Líkt og þegar við upplifum trámatískt rof.²⁴ Að lokum finnst Töru hún ekki geta lagt meira á hann og yfirgefur húsið. Þá hafa liðið 27 sólarhringar þar sem tímarými þeirra hafa skarast. En eftir því sem frá liður fennir yfir þá örvæntingu sem einkenndi þess daga. Þegar Tara lítur til baka hugsar hún fyrst og fremst um ástina á milli þeirra. Á degi 123 skrifar hún:

Nú man ég þessa daga sem mestu hamingjudagana. Nokkurn tíma. Mér fannst ég elskuð. Mér fannst ég elskuð í sófanum í stofunni og á gólfinu. Mér fannst ég elskuð í rúminu og þegar við sátum við kvöld-

²¹ Þess má geta að í sjötta bindi koma smá brestir í þá mynd sem dregin hefur verið upp af samheldni þeirra tveggja. Solvej Balle, *Om udregning af rumfang VI*, bls. 179–181.

²² Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 38.

²³ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 38–39.

²⁴ Í trámafræðum er gjarnan talað um að þegar fólk upplifi tráma þá missi það tímaskynið og upplifi ákveðið veruleikarof sem síðan geti orsakað hugmyndafræðilegt rof. Upplifuninni hefur einnig verið líkt við að gjá, dauðadjúpar sprungur eða hlydýpi opnast undir fótum hins trámatísraða sem síðan sekkur inn í tómið og þarf með orðum og táknum að finna leið til baka upp á yfirborðið. Sjá nánar, Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Snjóflygur á næturhimni. Um ljósmyndir, minningar og snertingu við veruleikann*, Reykjavík: Mál og menning, 2022 bls. 163–165 og Sigrún Alba Sigurðardóttir, „Afgerandi augnalbik. Um tráma og úrvinnslu í kvikmyndinni *Andkristur* eftir Lars von Trier.“ *Ritid* 1/2021, bls. 59–80, <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/127>.

verðarborðið. Þetta var ekkert öðruvísi fyrir átjándá nóvember, bara öflugra og það biðu okkar engin verkefni.²⁵

Þessir dagar einkennast af hæglátri örvæntingu þess sem upplifir djúpa hamingju en veit engu að síður að allt tekur enda, ekkert er sjálfgefið. Tara og Thomas veita hvort öðru fulla athygli. Hlusta og bregðast við. Sveiflast saman þó að hvort þeirra um sig lifi í sínu eigin tímaspori. Þau upplifa það sem kallað er samsveifla þar sem tvær vitundir mætast og öðlast nýjan og djúpan skilning sem ekki endilega verður færður í orð en breytir því hvernig þau upplifa heiminn.²⁶ Tara segir svo frá: „Það var eitthvað í rýminu á milli okkar, þétting, net tenginga. Mér fannst ég skilin. Ég sagði setningar sem hlustað var á og hlustaði á orðin sem voru sögð.“²⁷

Þegar hér var komið í lestrinum byrjaði ég líka að finna fyrir þessari samsveiflu, ekki með Töru eða Thomasi, heldur með skáldskapnum, bókinni sem ég hélt á í hendinni, textanum á blaðsíðunni sem opnaði fyrir mér nýjan heim. Ég fann fyrir þessari djúpu tilfinningu sem sagði mér að ég hefði öðlast einhvern dýpri skilning en ég átti erfitt með að færa þessa tilfinningu í orð. Þá rifjaðist upp fyrir mér það sem Hartmut Rosa hafði skrifaði um reynsluna af samsveiflu:

Það er slík reynsla – hvort sem mótleikarinn er manneskja, bók, tónverk, fjall eða snjóköma – sem felur í fyrsta lagi í sér tilfinninguna fyrir því að eitthvað hafi breyst innra með manni, og í öðru lagi – og sér í lagi – gruninn eða vonina um að það sé ómaksins virði að lifa sig inn í það, að dvelja við það, einmitt vegna þess að við getum aldrei skilið það sem talar til okkar til fulls, og við fáum aldrei nóg af því.²⁸

Til þess að geta fundið til samsveiflu þegar við mætum annarri lifandi veru eða sköpunarverki, til dæmis bók, þarf fundurinn að fela í sér ákveðna opnun þannig

²⁵ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 63.

²⁶ Um samsveiflu hef ég áður skrifað, sjá Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Snyðfýgsur á neturhimin*, sjá einkum bls. 77–84 og 95–99. Skilning minn á kenningum Rosa byggir ég einkum á tveimur bókum hans, Hartmut Rosa, *Det ukontrollerbare*, þýðandi Hanne Sander, Kaupmannahöfn: Eksistensen, 2020 og Hartmut Rosa, *Resonans. En sociologi om forholdet til verden*, þýðandi Peter Tudvad, Kaupmannahöfn: Eksistensen, 2021. Hugtakið samsveifla er ekki notað í skáldsögunni *Rúmmálsreikningi* en í fjórða bindi er fjallað um andlega iðkun sem nefnist *dadírri*, og er upprunið hjá frumbyggjum í Ástralíu. Dadírri, gengur líkt og samsveifla, bæði út á að hlusta á heiminn á fríðsaman hátt og bregðast við. Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 83.

²⁷ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 63.

²⁸ Hartmut Rosa, *Det ukontrollerbare*, bls. 45. Mín þýðing.

að við upplifum að við séum skilin eftir með ósvaraðar spurningar, eitthvað sem við festum ekki alveg hönd á og höfum ekki fulla stjórn á, einskonar tilfærsla eða misgengi sem skapar fjarlægð á milli okkar sjálfra og þess sem við mætum í heiminum um leið og við finnum til samkenndar og skilnings. Ég fann til samsveiflu með textanum á sama tíma og ég las um Töru og Thomas sem fundu fyrir samsveiflu sín á milli. „Svo lengi sem samsveiflan varir, verður mótleikarinn áfram einhver annar, eitthvað framandi,“ skrifaði Rosa líka,²⁹ og það kom mér til að hugsa um heimspekinginn Luce Irigaray og orð hennar um að til þess að forðast alla tilburði til eignarhalds yfir annarri manneskju (eða annarri lifandi veru, dýri eða blómi til dæmis), þá verðum við að bera virðingu fyrir hinum aðilanum sem aðila sem við höfum ekki stjórn á, og segja þess vegna „ég elska til þín“ í stað þess að segja „ég elska þig“ þegar við tjáum ást okkar.³⁰ Til þess að öðlast dýpri skilning á veruleikanum er markmiðið ekki að eigna okkur eða renna saman við mótleikara okkar, heldur þvert á móti eigum við að leggja rækt við bilið sem ætíð er á milli okkar og annarra, milli okkar og þess sem umlykur okkur. Það er þetta bil sem gerir okkur mögulegt að vera skapandi og það er einnig þetta bil sem er uppspretta ástarinnar. Þetta bil, eða þessi gjá sem ætíð er á milli tveggja, er forsenda þess að við getum tengst öðrum og elskað aðra, bæði manneskjur og aðrar vitundarverur eða sköpunarverk. Það sem meira er, við þurfum að setta okkur við að við getum aldrei brúað bilið til fulls. Við getum aldrei skilið til fulls hvernig önnur manneskja skynjar og þar með hugsar, og þetta skilningsleysi verðum við að taka í sátt.³¹ Irigaray skrifar: „Það er þess vegna sem þú gerir mér mögulegt að sjá hið ósýnilega. Hið ósýnilega er hér. Þú ert sýnileg og þú ert ósýnileg.“³² Við getum ekki elskað án þess að elska líka það sem við skiljum ekki. Við verðum að leyfa mótleikara okkar að koma okkur á óvart, bera virðingu fyrir skynjun hans og skilningi, og líta á samskipti sem samspil fremur en eignarhald. Þessar kenningar eru ekki ósvipaðar kenningum Rosa um samsveiflu þar sem áherslan er á að mæta veruleikanum með opnum huga, leggja rækt við skynjunina og bera virðingu fyrir fjarlægðinni sem er á milli okkar og hinna en finna á sama tíma til samkenndar.

Það er með þessum hætti sem Tara umgengst bæði náttúruna og samferðafólk sitt, og Thomas. Hún sefur í gestaherberginu á sínu eigin heimili, hlustar eftir hljóðunum sem fylgja honum, skynjar hann. Hún reynir ekki að draga hann

²⁹ Sama heimild. Mín þýðing.

³⁰ Luce Irigaray, *To be two*, þýðendur Monique M. Rhodes og Marco F. Cocito-Monco, London: The Athlone Press, 2000, bls. 19.

³¹ Luce Irigaray, *To be two*, bls. 44–46.

³² Luce Irigaray, *To be two*, bls. 47. Mín þýðing.

inn í sitt rými, sinn tíma. Það sama gerir Thomas. Hann hlustar og skilur, og samþykkir að á milli þeirra er gjá. Aðeins á þann hátt geta þau verið saman en samt aðskilin. Þannig hefur það þó ekki alltaf verið. Í upphafi reyna þau að byggja brú á milli þeirra ólíku tíma sem þau dvelja í. Þau gera tilraunir með tím-ann og reyna að halda sér vakandi á næturnar til að komast að því hvort Thomas geti fylgt Töru inn í hennar tíma. Tara lýsir því hvernig Thomasi tekst í nokkur skipti að fylgja henni í gegnum miðnætti og inn í næsta dag. „Thomas fylgdi mér. Hann mundi daginn okkar, hann mundi að það var nóttin eftir átjándu nóvember, ekki nóttin fyrir átjándu.“³³ Þau drekka kaffi í eldhúsinu, elda mat og njóta ásta. Þau lesa upphátt hvort fyrir annað og fara saman í bað. Þau haldast í hendur og sleppa ekki hvort öðru úr auglýn. „Við ætluðum að fara inn í næsta átjándu nóvember saman, við vildum fara út úr átjándu nóvember saman,“ segir Tara.³⁴ En það tekst ekki. Misgengið skilur þau að. Tara segir svo frá:

Klukkan rúmlega fimm hlýtur hann samt að hafa tapað athyglinni andartak eða ég tapað henni því allt í einu taldi hann sig hafa sofnað. [...] Hann hafði snúið sér við eitt andartak meðan ég var enn að strjúka nakta húð hans og allt í einu kipptist hann við, þetta var kippur eins og getur orðið einmitt þegar maður er að sofna en ég held að hann hafi ekki verið sofandi því hann var í miðri setningu sem hann lauk um leið og hann sneri sér aftur við. Hann horfði á mig svolítið ringlaður, eins og svefngengill sem hafði verið vakinn. [...] Það var komið gat á tímann en það var ómögulegt að átta sig á því hvernig það hafði gerst. Andartaks skortur á árvekni og þá glataði Thomas sínum átjándu nóvember.³⁵

Eftir því sem dagarnir hlaðast upp verður bilið á milli þeirra tímarýma sem þau lifa í sífellt stærra. Tara upplifir að Thomas sé að renna henni úr greipum. Hún finnur ekki lengur samsveifluna, gjáin á milli þeirra er orðin of djúp. Bilið of sársaukafullt. Tara ákveður að færa sig yfir í gestaherbergið og reynir að fylla upp í gjána sem skapast hefur á milli þeirra með því að hlusta á Thomas, hlusta á hvernig hann færir sig úr einu herbergi í annað, hvernig hann hreyfir sig. Hún hlustar eftir hljóðunum í Thomasi og hún hlustar eftir hljóðunum í húsinu, marrinu, suðinu í ísskápnum, hljóðinu sem berst frá ofninum þegar kveikt er á honum. Hún veit hvað Thomas tekur sér fyrir hendur, hvenær hann fer út til að

³³ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 82.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild, bls. 82–83.

kaupa í matinn, hvenær hann kemur aftur heim, hvar hann leggur innkaupapokana frá sér. Með því að hlusta finnur hún fyrir nærveru hans.

Það er einmitt hér þegar Tara læðist um í sínu eigin húsi og rifjar upp fyrstu dagana í því tímahólfi sem nú er orðinn veruleiki hennar, að við sem lesendur fáum vísbendingu um að það sem hafi komið fyrir Töru sé ekki einstakur atburður heldur eitthvað sem hafi gerst áður og komi jafnvel reglulega fyrir. Getur verið að það séu jafnvel fleiri sem séu föst í 18. nóvember eins og Tara? Þegar tíminn fór úr lið var Tara stödd í París til að kaupa nokkrar sjaldgæfar bækur og til þess að halda fund með rannsóknarbókasafnsfræðingi sem hafði komið auga á misræmi í myndlýsingum og útgáfudegi bókar frá 18. öld. Myndlýsingarnar voru unnar með verkfærum og vinnubrögðum sem ekki voru tilkomin þegar bókin kom út. Það var því líkt og myndlýsingarnar hefðu tilheyrnt annarri tímaheild en þeirri sem útgáfuár bókarinnar gaf til kynna.³⁶ Getur verið að fólk detti reglulega út úr tímanum og inn í annað tímarými en það hefðbundna sem við mælum tímann venjulega eftir?

Á þessum fyrstu blaðsíðum skáldsögunnar eru fleiri vísbendingar um það sem meginspurningar verksins eiga eftir að snúast um. Þegar sagan hefst reka Tara og Thomas saman fyrirtækið T & T Selter sem sérhæfir sig í sölu á fornitum, og snemma í fyrsta bindi fáum við að vita að bækurnar sem Tara ætlaði sér að kaupa í París, og selja svo áfram til valdra viðskiptavina, áttu það allar sameiginlegt að tengjast náttúrunni með einhverjum hætti. Bækurnar fjölluðu um ólíkar dýrategundir (fugla og kóngulær), hljóð í náttúrunni og líffræðilegan fjölbreytileika, auk þess sem ein bókin fjallað um sögu drykkjarvatns. Tara gerir töluvert úr því að einn af viðskiptavinum hennar hafi haft mikinn áhuga á að nálgast þessa bók. „Hver kaupir meira en tvö hundruð ára gamla bók um sögu drykkjarvatns?“ spyr Tara gamlan vin og forngripasala í París.³⁷ Efni þessarar gömlu bókar má skilja sem tákni eða vísbendingu um að eitt meginviðfangs efni *Rúmmálsreiknings* sé einmitt sú umhverfiskrísan sem við stöndum nú frammi fyrir. Það kann vel að vera að lesendur skáldsögunnar árið 2020 hafi verið jafn undrandi og Tara sjálf á því að einhver skyldi hafa einlægán áhuga á sögu drykkjarvatnsins en núna, nokkrum árum síðar, eftir að hafa upplifað ár þar sem þurrkar hafa skapað vandamál víða í bæði austanverðri og sunnanverðri Evrópu, virðist það ekki svo undarlegt.³⁸ Vitneskjan um að drykkjarvatn sé ekki

³⁶ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur I*, bls. 14–15.

³⁷ Sama heimild, bls. 21.

³⁸ Sjá til dæmis, European Commission: Joint Research Centre, *Drought in Europe – April 2025 – GDO analytical report*, Publications Office of the European Union, 2025, <https://data.europa.eu/doi/10.2760/7964287> og „How the Climate Crisis is Impacting Italy“,

sjálfsögð auðlind á Vesturlöndum er orðin almennari en áður og í heimalandi Balle, Danmörku, má meðal annars lesa eftirfarandi texta á heimasíðu dönsku vatnsveitunnar:

Vatnsveiturnar búa sig undir framtíð þar sem öfgar í veðurfari verða meiri og tíðari en áður og munu hafa áhrif á aðgengi að drykkjarvatni. Líkt og á við um aðra geira samfélagsins þurfum við að undirbúa okkur svo að við getum tekist á við loftslagsbreytingar og þann nýja veruleika sem við okkur blasir. [...] Ekki má líta á hreint drykkjarvatn sem óþrjótandi auðlind, og þrátt fyrir að ástandið sé minna aðkallandi hjá okkur en á mörgum öðrum stöðum, þá er rétt að meðhöndla drykkjarvatn okkar, eins og þá gersemi, sem það í raun er.³⁹

Á norðurhveli Jarðar er ekki lengur hægt að líta á drykkjarvatn sem sjálfsagðan hlut og þessa vitneskju hefur Balle eflaust haft á bakvið eyrað þegar hún skrifaði bókina um sögu drykkjarvatns inn í skáldsöguna. Bókin skýtur svo aftur upp kollinum í fjórða bindi *Rúmmálsreiknings* og kemur jafnframt við sögu í fimmta bindi þegar Tara ákveður að heimsækja manninn sem pantaði bókina á sínum tíma.⁴⁰ Þá kemur í ljós að kaupandinn, sem Tara kallar Carl T., hafði ekki aðeins einlægán áhuga á sögu drykkjarvatnsins heldur var hann einnig mikill áhugamaður um steina, steinefni og bergtegundir. „Hann hafði áhuga á nákvæmlega þeim hluta plánetunnar sem var okkur aðgengileg. Stjörnuhiminninn vakti ekki mikinn áhuga hjá honum. Eða innra byrði Jarðarinnar. Jú, tunglið auðvitað og jarðlögin undir okkur, en ekki það sem var utan seilingar,“ útskýrir Tara.⁴¹ Carl T. hafði með öðrum orðum áhuga á því sem Bruno Latour hefur kallað hið krítíska rými, þeim hluta heimsins sem við getum snert eða haft bein áhrif á, sem jafnframt er sá hluti heimsins sem hefur áhrif á og snertir við okkur.⁴² Um Carl T. segir Tara: „Fyrir honum var planta íbúi, steinarnir og jarðlögin og vatnið var

The Climate Reality Project, sótt 25. nóvember 2025 af <https://www.climaterealityproject.org/blog/how-climate-crisis-impacting-italy>.

³⁹ „Klimaforandringer og ekstremvejr. Hvordan ser drikkevandets fremtid ud?“ *Danske vandværker*, sótt 17. febrúar 2025 af <https://danskev.dk/nyheder/klimaforandringer-og-ekstremvejr-hvordan-ser-drikkevandets-fremtid-ud/>.

⁴⁰ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 112–113 og Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 92–100.

⁴¹ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 95.

⁴² Sjá meðal annars Bruno Latour og Peter Weibel, ritstjórar, *Critical Zones. The Science and Politics of Landing on Earth*, Karlsruhe: Zentrum für Kunst und Medien, 2020 Latour og Weibel, *Critical Zones*, bls. 121.

plánetan sjálf.⁴³ Carl T. leit á jörðina sem iðandi efni þar sem ólíkir gerendur áttu í tengslum og höfðu áhrif hver á annan. Balle vísar hér ef til vill óbeint í kenningar Bruno Latour en hugtakið *gerandi* (e. *agent*) er lykillugtak hjá Latour og vísar til jarðneskrar uppsprettu athafnar eða gjörðar. Gerandi getur bæði verið mennskur og ekki-mennskur. Hann getur haft afgerandi áhrif á aðra jarðneska þætti og hrint af stað keðjuverkun, hann hefur áhrif og verður fyrir áhrifum.⁴⁴ Jane Bennett heldur því fram í bók sinni *Vibrant matter* að við þurfum að víkka út hugmyndir okkar um lifandi gerendur og láta hugtakið einnig ná yfir það sem hún kallar titrandi eða kvikandi efni. Hún nefnir í þessu sambandi það sem hún kallar hálfgildings-gerendur en dæmi um slíkan geranda gæti verið steinn sem bæði hefur áhrif á umhverfi sitt (til dæmis líf skordýra) og verður fyrir áhrifum af því. Hugmyndin um dautt efni er langsótt því flest efni, og það á einnig við um manngerða hluti (svo sem viðarborð, álstöng, snjallssíma og bómullarbol), tengjast kerfi Jarðarinnar með einum eða öðrum hætti. Bennett bætir við að hugmyndin um dautt efni komi í veg fyrir að við þroskum með okkur eiginleika til að nema og skynja aðra öflugra krafta á Jörðinni.⁴⁵

Líkt og Bennett hefur Carl T. áhuga á titrandi efni og lífinu sem merkja má í því sem oft og tíðum er álitid dautt eða staðnað efni. Carl T. gerir hins vegar greinarmun á efni sem býr yfir vilja og efni sem ekki býr yfir vilja. Þannig vekja ekki allar steintegundir áhuga hans. Hann útskýrir fyrir Töru að hann safni ekki steinum sem finna megi við strendur eða steingervingum, því að það sé líkt og þessar tegundir búi yfir vilja. Þær eru aðkomendur. Þær eru íbúar á plánetunni. Hann safnar aðeins steinum sem eru hluti af sjálfri plánetunni en ekki íbúar á henni. Steinum sem eru viljalausir, sem hafa ekki reynt að ná sambandi við neinn eða hafa áhrif.⁴⁶ Það sem Carl T. sækist eftir er jarðtenging, ekki samskipti. Engu að síður virðist hann eiga auðvelt með að finna samsveifluna í fundi tveggja og í gegnum þessa samsveiflu kviknar ást á milli Töru og hans. Tara segir svo frá: „Nú hugsaði ég með mér að það væri gott að tíminn stóð í stað, því annars hefði ég ekki hitt Carl T. Ég var hamingjusöm þegar ég sat með honum og virti fyrir mér laufblað sem flaut áfram með straumnum í einu af síkjum bæjarins.“⁴⁷

⁴³ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 96.

⁴⁴ Sjá til dæmis, Bruno Latour, *Facing Gaia. Eight Lectures on the New Climate Regime*, þýðandi Catherine Porter, Cambridge: Polity, 2017 og Bruno Latour, *Ned på jorden. Hvordan orienterer vi os politisk?*, þýðandi Torsten Andreasen, Kaupmannahöfn: Informations Forlag, 2018.

⁴⁵ Jane Bennett, *Levende materialitet. Tingenes politiske økologi*, þýðandi Ole Lindegård Henriksen, Kaupmannahöfn: MINDSPACE, 2021. Sjá einkum bls. 8–11 og bls. 228–229.

⁴⁶ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 99.

⁴⁷ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 100.

Síðar í skáldsögunni á Tara eftir að eignast enn einn elskhuga, Milas, og eftir því sem ástin vex líður henni betur í 18. nóvember og hún tekur að óttast að hverfa til baka til sinnar gömlu tímaheildar. „Ég og Milas höfum upplifað okkar mestu hamingjudaga. Nokkru sinni,“ segir Tara á degi 14.665 í sjötta bindi skáldsögunnar þegar hún lýsir hæglátum hversdegi þeirra tveggja.⁴⁸ Hún veit að ef hún snýr til baka til hins hefðbundna tímarýmis mun hún missa þann sem hún elskar, en um leið áttar hún sig á því að ef hún getur ekki farið til baka nálgast endalokin óðfluga. Hún eldist dag frá degi og fer smám saman að óttast dauðann, hinn náttúrulega dauða sem er óhjálvæmílegur fylgífiskur öldrunar, og þar með hluti af tímanum.

Heterótópían

Í greininni „Um önnur rými“ sem kom út í íslenskri þýðingu í *Ritinu* árið 2002 fjallar Michel Foucault um hliðarsamfélög sem þrífast innan stærri samfélaga.⁴⁹ Foucault nefnir elliheimili, fangelsi og geðsjúkrahús sem dæmi um slík samfélög. Það sem virðist einkenna þessi hliðarsamfélög, sem Foucault kallar heterótópíur, öðru fremur er að þau eru laus undan þeirri kápítalísku kröfu um skilvirkni og framleiðslu sem hóf að móta vestræn samfélög með afgerandi hætti með innreið nútímans á nítjándu öld. Heterótópían er eins konar „afbrigði útópíu sem orðið er að áþreifanlegum veruleika“ og varpar gagnrýnu ljósi á samfélagið utan þess.⁵⁰ Í framhaldinu segir hann að til séu ólíkar tegundir af heterótópíum, sumar megi kalla kreppu-heterótópíur, aðrar einkennist af frávikum og enn öðrum megi lýsa sem stað þar sem tíminn líður á annan hátt en utan hans. Þau sem dvelja í þessum síðastnefndu heterótópíum, búa í tíma sem er á skjön við hinn viðtekna línulega tíma. „Heterótópían öðlast fulla virkni þegar mennirnir eru með einhverjum hætti slitnir úr öllum tengslum við hefðbundinn tíma sinn,“ skrifar Foucault.⁵¹

Í *Rúmmálsreikningi* lifir Tara Selter í hliðarsamfélagi þar sem tíminn líður á annan hátt en utan þess og það sem er einna áhugaverðast er að þetta hliðarsamfélag er fyrir vikið undanskilið kröfu samfélagsins um framleiðslu, skilvirkni og hagnað. Tara lifir því í heterótópíu. En Tara lifir ekki ein í hliðarsamfélaginu, í lok annars bindis hittir hún norska félagsfræðinginn Henry Dale sem eins

⁴⁸ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 157.

⁴⁹ Michel Foucault, „Um önnur rými“, þýðandi Benedikt Hjartarson, *Ritið* 1/2002, bls. 131–142.

⁵⁰ Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 135–136.

⁵¹ Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 139.

er ástatt um og svo bætast sífellt fleiri í hópinn. Þau sem lifa í sama tímarými og Tara mynda ákveðið samfélag sem stendur fyrir utan hið hefðbundna samfélag en er samt á vissan hátt hluti af því þar sem gjörðir og athafnir þeirra sem lifa í hliðarsamfélaginu hafa áhrif út í stóra samfélagið og öfugt. Í raun má halda því fram að tengslin á milli þessara tveggja samfélaga, hins hefðbundna og gamalkunnuga samfélags annars vegar og heterótópiunnar hins vegar, sé einn meginkjarninn í skáldsögunni.

Eins og áður sagði er það fyrst í lok annars bindis, nánar tiltekið á degi 1144, sem Tara segir frá því að hún hafi hitt Henry Dale sem sitji fastur í 18. nóvember líkt og hún. Í þriðja bindi fáum við að kynnast Henry betur. Léttir Töru yfir því að hafa hitt aðra manneskju, sem deilir sambærilegri reynslu og skilur hvernig henni líður, er mikill – en þó bærast með henni flóknar tilfinningar því að það er einnig vandasamt að deila lífinu með öðrum. Tara líkir fundi þeirra tveggja við að „ganga nakin eftir auðri götu um miðja nótt og mæta svo allt í einu annarri manneskju sem kemur gangandi nakin eftir auðri götu um miðja nótt. Þannig var tilfinningin. Nakin. Eins og afhjúpun.“⁵² Tilfinningin sem fylgir því að deila þessu hliðarsamfélagi í tímanum með annarri manneskju er því ekki aðeins ánægjuleg, hún er líka afhjúpandi og örliðið ógnvænleg. Tara skrifar: „Það var eitthvað óhugnanlegt við þá hugsun að bindast manneskju fyrir algjöra tilviljun. Það er ekki bara vissan um að vera komin með samferðarmann. Það er líka sú tilfinning að hafa verið úthlutað meðábyrgð á farangri hans.“⁵³ Að deila tilverunni með öðrum felur í sér að taka ábyrgð á þeim og sýna þeim umhyggju, í það minnsta ef ætlunin er að láta sambandið vara. Þessi þáttur sem varðar samábyrgð og umhyggju fyrir öðrum verður enn meira áberandi þegar Tara og Henry kynnast hinni sautján ára gömlu Olgu, og Ralf sem er aðeins eldri, en bæði sitja þau líka föst í 18. nóvember. Eftir því sem tíminn líður hitta þau fleiri og fleiri sem búa í þessu rými þar sem tíminn er á skjön og samfélagið sem þau deila með öðrum vex. Í fjórða bindi lýsir Tara því hvernig hún upplifir samferðafólk sitt í 18. nóvember eins og gjöf sem hún þurfi að passa sérstaklega vel upp á.⁵⁴ Hún bætir við:

Við erum bundin hvert öðru í gegnum sameiginlega sögu. [...] Við höfum ekki valið hvert annað, skráð okkur í samtök sem hægt er að skrá sig úr aftur, við erum ekki hluti af íþróttaliði sem við getum yfirgefið eða verið rekin úr. Við erum ekki hluti af ákveðinni starfsgrein,

⁵² Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 19.

⁵³ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 38.

⁵⁴ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 42.

við erum ekki samnemendur eða vinnufélagar. Það er óútreiknanleikinn sem falinn er í tímanum sem hefur fært okkur saman, eða það er þannig sem við hugsum, við höfum fallið út úr heiminum, hvert fall er einstakt, en sviminn er sá sami.⁵⁵

Þau deila örlögum, og upplifun, sem enginn sem er utan hópsins getur skilið. En þrátt fyrir þessa sameiginlegu upplifun og sameiginlegan skilning felur hver upplifun í sér sitt eigið tilbrigði. Það sem sumir upplifa sem áfall hafa aðrir upplifað sem létti. Smám saman átta þau sig á því að þau þurfa að setja sér reglur og velja sér tungumál sem flestum þeirra finnst þau eiga heima í.⁵⁶

Þau sem búa í heterótópíunni þurfa ekki aðeins að komast að samkomulagi um hvaða tungumál þau eigi að tala sín á milli, heldur líka hvaða orð og hugtök þau eigi að nota til að lýsa misgengi tímans og reynslu sinni af uppbroti hans. „Við leituðum að orðum sem gætu á mjög nákvæman hátt náð utan um eitt einstakt fyrirbæri, eða orðum sem rúmuðu margt og létu okkur líða eins og á heimavelli,“ segir Tara.⁵⁷ En það reyndist erfitt að finna réttu orðin. Þrátt fyrir að reynsla þeirra væri sú sama voru tilbrigðin of mörg.⁵⁸ Einn af samferðamönnum Töru segir að tungumálið „geti látið fólki líða eins og því sé haldið fyrir utan eða að verið sé að þröngva því inn í ákveðið mót. Það sem einn upplifir sem hamfarir er kannski bara umbreyting fyrir einhvern annan.“⁵⁹ Balle sýnir okkur hér hversu flókið það getur verið fyrir fólk að búa saman, að skapa samfélag, finna upp reglur sem öll geta sameinast um, og um leið að sýna skilning á því að fólk upplifir heiminn á ólíkan hátt og hefur ólíkar þarfir. Sum vilja helst ferðast ein en önnur þrá að vera í nánnum samskiptum við aðra. Flest venjast þau lífinu í heterótópíunni á nokkrum árum en mörg velta því fyrir sér hvaða möguleika lífið í hliðarsamfélaginu feli í sér og hluti hópsins lítur á þetta sem tækifæri til að breyta lífi sínu, endurskoða gildismat sitt og láta gott af sér leiða, eða með öðrum orðum að leita leiða til að verða betri manneskja.

Félagsfræðingurinn Henry var að vinna að bók um aðlögunarhæfni mannsins þegar tíminn fór úr lið. Hann var á þeirri skoðun að það sem einkenni manneskjuna öðrum fremur væri aðlögunarhæfnin, eiginleikinn til að klippa

⁵⁵ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 43.

⁵⁶ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 78. Spurningin um orð og tungumál kemur reyndar upp strax í þriðja bindi þegar Tara og Henry fara að tala saman um reynslu sína af misgengi tímans. Sjá Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 25.

⁵⁷ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 84.

⁵⁸ Sama heimild.

⁵⁹ Sama heimild.

á fortíðina og breyta um stefnu, finna sjálfan sig upp á nýtt.⁶⁰ „Hann kallaði þetta hæfni til að bregðast skjótt við. Eða þörf. Kannski gæti þetta beinlínis skýrt velgengni okkar sem tegundar,“⁶¹ útskýrði hann. Þetta leiðir hugann að þeirri túlkun á þróunarkenningunni sem hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum og áratugum. Samkvæmt þessari túlkun ber ekki að líta á mannveruna sem endapunkt á línulegri þróun, sem tegund sem ekki er ætlað að drottna yfir öðrum tegundum, heldur þvert á móti sem tegund sem ber meiri ábyrgð en aðrar tegundir.⁶² Þessi þráður er tekinn aftur upp í fimmta bindi þar sem ein aukapersónan sem situr föst í 18. nóvember með Töru og Henry segir sína skoðun á þróunarkenningunni:

Gerum ráð fyrir, sagði hún, að sterkustu einstaklingarnir, eða þeir sem hafa aðlagast best, væru ekki til staðar til þess eins að koma genum sínum áfram til næstu kynslóða, heldur fyrst og fremst til að halda verndarhendi yfir þeim veikustu eða þeim sem ættu erfiðast með að aðlagast – þeim sem væru ekki vel nestaðir svo að segja, þau sem ættu í vandkvæðum með að lifa af. Hvað ef markmiðið með þróuninni væri að tryggja að þau [veikustu] lifðu af?⁶³

Konan sem hér talar gagnrýnir hér það sem hefur verið kallað stigveldisskilningur á lífinu, það er að segja tilhneiginguna til að sjá lífið (og söguna) sem framfarir eða línulega þróun frá hinu einfalda til hins flókna. Þróunarfræðingurinn Andreas Hejnló fjallar í bókinni *Arts of Living on a Damaged Planet. Ghosts and Monsters of the Anthropocene* um gildi þess að losa sig undan þeirri módernísku og mannmiðuðu tilhneingingu að líta á þróunina sem línulega framvindu og leggja þess í stað áherslu á hvernig þróunin hvílir á aðlögun ólíkra tegunda og samvinnu þeirra. Til þess að lifa af þurfum við með öðrum orðum að rækta tengsl og sýna öðrum umhyggju.⁶⁴

Rúmmálsreikning má lesa sem hljóðláta gagnrýni á áhersluna á framþróun,

⁶⁰ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 36–37.

⁶¹ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 37.

⁶² Andreas Hejnló, „Ladders, Trees, Complexity, and Other Metaphors in Evolutionary Thinking“, *Arts of Living on a Damaged Planet. Ghosts and Monsters of the Anthropocene*, ritstjórar Anna Tsing, Elaine Gan, Heather Swanson og Nils Buband, Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 2019, bls. G87–G102. Sjá einnig heimasíðu Hejnló og samstarfsfólks hans, *Comparative Developmental Biology*, sótt 18. nóvember 2024 <https://hejnló-lab.com/>.

⁶³ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 143.

⁶⁴ Andreas Hejnló, „Ladders, Trees, Complexity, and Other Metaphors in Evolutionary Thinking“.

framleiðslu og vald þess sterka sem einkennir og mótar samfélag okkar í dag. Þetta birtist meðal annars í því hvernig Henry lítur á misgengi tímans sem tækifæri til að endurhugsa líf sitt og verða annar en hann hafði verið.⁶⁵ „Hann sagðist líklega [...] hafa verið stressaður. Eða í kreppu [d. *krise*]. Sem kom honum ekki á óvart. Og hann var farinn að halda að það væri streitan eða kreppan sem hefði þeytt honum út úr tímanum.“⁶⁶ Þegar tíminn fer úr skorðum finnur Henry fyrst og fremst til léttis. Loksins hafði hann tíma til að sinna vinnutengdum verkefnum almennilega og var laus undan þeirri áþján að eltast við skilafresti. Hann virtist geta notað allan þann tíma sem hann þurfti til að bæði lesa og skrifa, sinna ritrýni og ganga frá heimildavísunum. Smám saman áttar hann sig þó á því að starf hans mun ekki hafa nein áhrif í þeim tíma sem honum hefur verið kastað inn í – og að lokum kemst hann einnig að þeirri niðurstöðu að það sama hefði átt við þó tíminn hefði ekki farið úr skorðum.⁶⁷ Balle segir svo frá: „Athugasemdir við greinar sem yrðu ekki mikið betri vegna viðbragða hans, væru enn bara venjulegar greinar sem yrðu prentaðar og gleymdust og breyttu ekki öðru en lengdinni á ferilskrá höfundarins sem skipti ekki heldur máli því allir aðrir gerðu það sama þannig að þeirra ferilskrár lengdust líka.“⁶⁸ Henry útskýrir jafnframt fyrir Töru og lesandanum hvernig hann, eftir að hafa áttað sig á tilgangsleysinu í starfi sínu, varð loksins frjálst til að lesa og hugsa án þess að þurfa að hugsa stöðugt um afköst og árangur. „Nú var hann aftur farinn að hugsa. [...] Hann var farinn að líta í kringum sig án þess að vita hvað hann ætti að gera við það sem hann sæi.“⁶⁹ Henry fann hamingjuna og sjálfan sig á ný í heterótópiunni. Laus undan kröfunni um skilvirkni, framleiðslu og árangur fer hann að heyra „eigið fótatak í myrkrinu.“⁷⁰ Honum liggur ekki lengur á, hann hefur meiri tíma til að horfa í kringum sig, sjá og hlusta, dvelja í tímanum og finna fyrir samsveiflunni í tilverunni.

⁶⁵ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 36–37.

⁶⁶ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 44.

⁶⁷ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 41.

⁶⁸ Sama heimild.

⁶⁹ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 44.

⁷⁰ Í tengslum við þessa umræðu segir Henry einnig: *Ved midten af min vandring gennem livet, fandt jeg mig selv i den sorte skov / Á göngu minni miðri gegnum lífið reyndist ég staddur í svörtum skógi.* Hér vísar Balle óbeint í Dante og *Guddómlega gleðileikinn* en upphafslínur hans hljóma svo á dönsku: „Midtvejs på vores vandring gennem livet / befandt jeg mig i mørke, dybe skove, / forvildet fra den vej jeg burde følge.“ Dante Alighieri, *Dantes guddommelige komedie*, þýðandi Ole Meyer, Kaupmannahöfn: Mulitvers, 2013, bls. 43.

Draugar og skrímsli

Ólíkt Henry finnur Tara ekki fyrir innri ró eftir að tíminn fer úr lið. Hún verður fljótlega heltakin af þeirri hugsun að hún, og síðar einnig þau sem búa í heterótópiunni með henni, setji mark sitt á veruleikann með óafturkræfum hætti. Mestar áhyggjur hefur hún af því að þau séu að éta upp heiminn. Hún lýsir sjálfri sér og samferðafólki sínu sem skrímslum.⁷¹

Eftir því sem tíminn í 18. nóvember líður áfram verður tillugsunin um það hvernig gjörðir og neysla þeirra sem lifa í hliðarsamfélaginu hafi áhrif á veruleikann utan þess sífellt óbærilegri. Þegar þau kaupa mat í verslunum hverfa vörurnar með þeim inn í tímaholuna. Þau gera tilraunir til að rækta grænmeti en eiga erfitt með að fá plöntur til að vaxa. Lengi vel virðist þetta vera ómögulegt verkefni. Allt þar til þau átta sig á því að eina leiðin til að fá grænmeti og aðrar jurtir til að dafna og vaxa er að hugsa um þær af einstakri alúð og umhyggju, og með því að víkja ekki frá þeim á næturnar þegar hinn ytri tími fer aftur á byrjunarreit.

Í öðru bindi leggst Tara í ferðalög til að forðast að tæma matjurtagarða og verslanir af vörum. Hún reynir að ferðast varlega í gegnum heiminn og skilja eftir sig eins lítil ummerki og mögulegt er.⁷² Hún finnur verslanir sem selja vörur sem komnar eru á síðasta sölundag og fer í bakarí rétt fyrir lokun til að kaupa brauð sem ekki er hægt að selja daginn eftir. Í þriðja bindi þegar hún, Henry, Ralf og Olga eru farin að búa saman í eins konar „kollektífi“ venja þau sig á að skipuleggja vandlega hvar þau versla, rusla og verða sér úti um matvöru með það fyrir augum að þau geri sem minnstan skaða. Tara segir svo frá:

Við erum í raun og veru skrímsli. Fjórar manneskjur eru ekki margar en fjórar manneskjur geta gert heilmikið strandhögg í heiminum. Við sjáum það í kjallaranum og við erum farin að sjá ummerki í næstu matvöruverslun. [...] En okkur langar ekki að vera skrímsli. Við ræðum um lausnir. Við skipuleggjum innkaupin. Henry ber ábyrgð á öflun vista. Hann fer á markað rétt fyrir lokun. Hann kaupir brauð og grænmeti sem annars yrði hent. Hann fer á bílnum í nærliggjandi verslanir, hann sér tækifæri í kassa með brúnleitum bönunum, hann rogast með eplakassa, lúnar sítrónur eða hálfgömul vínber, hann semur við framleiðendur í nágrenninu um að fá að sækja vörur sem á að fara að henda.⁷³

⁷¹ Þetta kemur mjög oft fram í skáldsögunni. Svo nokkur dæmi séu nefnd má benda á bls. 118 í fyrsta bindi, bls. 22, 43 og 184 í þriðja bindi og bls. 97 og 146 í fjórða bindi.

⁷² Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur II*, bls. 162.

⁷³ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 184–185. Sjá framhald af þessari umræðu í Solvej Balle, *Om udregning af runfang V*, bls. 70

Hliðarsamfélagið, sem Tara og félagar lifa í verður hér spegill fyrir það samfélag sem lesandinn er hluti af. Í gegnum skáldskapinn lýsir Balle veruleika þar sem manneskjur éta upp auðlindir Jarðar, og hvernig megi, ef viljinn er fyrir hendi, skipuleggja og endurhugsa neyslu okkar svo að við getum lifað í meiri sátt við Jörðina sem við byggjum tilvist okkar á. Eftir því sem samfélag þeirra sem búa í heterótópiunni stækkar verður bæði auðveldara og flóknara að skipuleggja hvernig hópurinn getur lifað á sem sjálfbærastan hátt. Meðvitundin um mikilvægi þess að rækta sjálf til að mæta sinni eigin neyslu vex einnig. Þau átta sig jafnframt á því að þau eru ekki frjáls ef undirstaðan í lífi þeirra hvílir á vinnu annarra og þau eru háð öðrum um helstu lífsnaúðsynjar.⁷⁴ Kannski er það einnig þetta sem Balle vill segja okkur, að hugmyndin um frelsi sé ætíð takmörkuð af þeim jarðnesku tengslum sem við erum hluti af. Við tengjumst bæði öðru fólki og öðrum lifandi verum í gegnum flókið tengslanet á Jörðinni. Þar af leiðandi þurfum við bæði að axla ábyrgð á neyslu okkar – og sýna öðrum umhyggju, tryggja að þeir veikustu fái einnig aðlagast og lifað af.

En tengsl heterótópiunnar og samfélagsins utan hennar birtast ekki aðeins í því hvernig íbúarnir ganga á auðlindir Jarðar. Þau geta einnig truflað fólk utan heterótópiunnar í því sem hún kallar mynstur þess, bæði viljandi og óviljandi. Þannig geta athafnir þeirra, viljandi eða óviljandi, komið í veg fyrir slys og jafnvel ótímabundin dauðsföll, eða öllu heldur seinkað þeim um einn sólarhring, en þau geta einnig orsakað slys og dauðsföll.⁷⁵ Það sýnir sig nefnilega að ef þau valda ótímabæru dauðsfalli rís hinn látni ekki upp að nýju daginn eftir. Þetta leiðir hugann að afturgöngum eða draugum sem er hugtak sem Balle nefnir oft í sambengi við umræðuna um skrímsli. Í fyrsta bindi skáldsögunnar segir Tara:

Það eru draugar og skrímsli. Thomas er draugurinn og ég er skrímslið. [...] Thomas skilur ekki eftir sig ummerki í heiminum, ég ét hann upp. Hann er mynstur í húsinu, ég er skrímsli í herberginu. Ef ég fer inn til hans verðum við tvö skrímsli. Ég dreg hann inn í skrímslaheiminn minn og við borðum fyrir tvo. [...] Skrímsli traðka um heiminn og leggja hann í eyði. [...] En þegar Thomas var einn hverfur ekkert. Það var ég sem læt það hverfa. Það hlýtur að vera þannig. Ég lifi í tíma sem étur upp heiminn. [...] Án mín er Thomas draugur en ég er skrímsli, ófreskja, meindýr.⁷⁶

⁷⁴ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 157.

⁷⁵ Sjá til dæmis Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 146 og 167–169.

⁷⁶ Solvej Balle, *Rúmálsreikningur I*, bls. 113 og 116–117.

Thomas er draugur sem líður í gegnum daginn án þess að setja sjáanlegt mark sitt á hann, því ef við horfum á heiminn frá sjónarhóli Töru, þá skilur Thomas ekki eftir sig nein ummerki í heiminum. Hann lifir sama daginn aftur og aftur, líður í gegnum daginn í sama mynstri og daginn áður, líkt og afturganga. Heimurinn sem hann býr í er heimur án framtíðar. Loftkenndur heimur, án jarðneskra tengsla. En er rétt að kalla Thomas afturgöngu eða draug? Væri ef til vill nær lagi að tala um Töru sem afturgöngu, veru sem sækir Thomas heim og á það til að trufla hann í því mynstri sem er honum svo kunnuglegt? Ljóst er að hugtakið skrímsli er neikvætt hugtak í sögunni – en hvernig er að vera draugur? Er gott eða slæmt að ganga aftur?

Það verður að teljast líklegt að Balle hafi þekkt til bókarinnar *Arts of Living on a Damaged Planet. Ghosts and Monsters of the Anthropocene* þegar hún hóf að skrifa umræðuna um drauga og skrímsli inn í skáldsöguna.⁷⁷ Bókin inniheldur fjölda greina sem fjalla um jarðnesk tengsl og lífið á mannöld⁷⁸ og var gefin út í tengslum við stórt rannsóknarverkefni sem unnið var við Háskólann í Árósum á árunum 2013–2018.⁷⁹ Meðal þeirra sem eiga greinar í bókinni eru Donna Haraway sem fjallar um mikilvægi þess að dvelja í vandanum sem við okkur blasir og takast á við hann með því að skapa frásagnir um annars konar lifnaðarhætti, Ursula K. Le Guin sem skrifar um burðarpokakenningu sína sem meðal annars fjallar um mikilvægi þess að hverfa frá útilokandi og línulegri sögu hetjunnar, Karen Barad sem skrifar um tíma, skammtafræði, atómbombur og afturgöngur – og Andreas Hejøl sem fjallar um þær túlkanir á þróunarkenningunni sem ég hef þegar vísað í. Um allt þetta gæti verið gaman að fjalla en hér skulum við láta duga að hvíla við hugtökin um *drauga og skrímsli*.

Í inngangi sínum skrifar Anna Tsing, aðalritstjóri bókarinnar, um hugtakið skrímsli og segir meðal annars að skrímsli eigi sér tvær hliðar; annars vegar geta þau beint athyglinni að flóknu neti samlífisins á Jörðinni og hins vegar eru þau

⁷⁷ Anna Tsing, Heather Swanson, Elaine Gan og Niels Bubandt, ritstjórar, *Arts of Living on a Damaged Planet. Ghosts and Monsters of the Anthropocene*, Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 2017.

⁷⁸ Hugtakið mannöld hefur verið notað til að lýsa því hvernig mannveran, í krafti nýlendu-stefnunnar, iðnbyltingar, neyslu og ofnýtingar á auðlindum Jarðarinnar hefur haft áhrif á jarðfræði plánetunnar. Hugtakið hefur þó verið gagnrýnt af ýmsum, meðal annars fyrir að taka ekki misjafna lifnaðarhætti og misjöfn áhrif fólks á ólíkum svæðu heimsins, með í reikninginn og fyrir að upphefja mannmíðaða hugsun. Sjá til dæmis Andreas Malm, *Fossil Capital. The Rise of Steam Power and the Roots of Global Warming*, New York: Verso, 2016 og Donna J. Haraway, *At blive i besværet*.

⁷⁹ „Aura. Aarhus University Research on the Anthropocene“, *Aarhus Universitet*, sótt 19. nóvember 2024 af <https://anthropocene.au.dk/>.

tákn fyrir það sem ógnar jafnvæginu í þessu neti.⁸⁰ Á svipaðan hátt má segja að Balle noti hugtakið um skrímsli sem tákn fyrir það hvernig við sem mann-
eskjur séum eyðileggjandi afl en búum jafnframt yfir vitund sem gerir okkur
kleift að taka meðvitaðar ákvarðanir um að takmarka inngríp okkar í hið flókna
net samlífisins og draga úr neikvæðum áhrifum gjörða okkar. Í inngangi sínum
bendir Tsing einnig á að hugtökin um skrímsli og drauga geti auðveldað okkur
að skilja tengsl okkar við bæði aðrar lífverur og tímann.⁸¹ Það er freistandi að
álykta sem svo að þessi texti hafi haft áhrif á það hvernig Balle notar hugtökin
í skáldsögunni.

Hugtakið um skrímsli er mjög skýrt og auðvelt að sjá hvernig Balle beitir
því til að benda á hvernig manneskjan gengur stöðugt á auðlindir jarðar – en
hugtakið um drauga er aðeins óljósara og meira svífandi. Tsing líkir draugunum
við skófir eða fléttur sem eru samsettar lífverur, eins konar sambýli svepps og
ljóstíllífandi lífveru sem getur verið grænþörungur eða blábaktería.⁸² Þetta sam-
býli er ekki ætíð sýnilegt en engu að síður gífurlega þýðingarmikið og hluti af
mikilvægu tengslaneti á Jörðinni. Þegar mannverur og aðrar lífverur sem þrífast
ekki lengur á Jörðinni í kjölfarið á þeim loftslagsbreytingum sem framundan eru
munu þær lífverur sem Tsing kallar drauga, og við veitum alla jafna litla athygli,
halda áfram að vera til og móta hin ólíku lífsform. Þetta eru þær lífverur sem láta
lítið yfir sér en hafa hvað mesta aðlögunarhæfni. Tími þeirra er annar en okkar
mannanna. Á meðan við tökum breytingum dag frá degi er erfitt fyrir okkur að
greina breytingar hjá þeim. Þær lifa á öðrum tímaskala og þær munu að öllum
líkindum lifa okkur. Draugarnir minna okkur á að það hvernig við upplifum og
skilgreinum tímann er ekki eina leiðin til að lifa í tímanum. Það sem við lítum á
sem endalok eru ekki nauðsynlega endalok. Draugarnir munu aðlagast og lifa
af á meðan mannfólkið tortímur sjálfu sér og ótal öðrum lífverum í leiðinni.
„Fléttur eru draugar sem ásækja okkur úr fortíðinni, en þær stara einnig á okkur
úr mannlausri framtíð,“ segir Tsing.⁸³ Þá bendir hún einnig á að draugarnir, sem
ekki geti munað sjálfir, trufla okkar hefðbundna tímaskyn.⁸⁴

Er Thomas draugur sem eldist ekki sjáanlega og Tara skrímsli sem finnur
hvernig gangur tímans setur mark sitt á líkama hennar? Eða er þetta flóknara en

⁸⁰ Anna Tsing o.fl., *Arts of Living on a Damaged Planet*, bls. M2

⁸¹ Anna Tsing o.fl., *Arts of Living on a Damaged Planet*, bls. M7.

⁸² Anna Tsing o.fl., *Arts of Living on a Damaged Planet*, bls. G6–10. Um fléttur og grófir má
meðal annars fræðast hér: „Fléttur“, *Fjörulíf*, sótt 24. nóvember 2025 af <https://fjorulif.is/fjorulif/fjorulifid/grodur/haplontur/flettur/>.

⁸³ Anna Tsing o.fl., *Arts of Living on a Damaged Planet*, bls. G9–10. Mín þýðing.

⁸⁴ Anna Tsing o.fl., *Arts of Living on a Damaged Planet*, bls. G9.

svo? Thomas er í það minnsta ekki draugur í sama skilningi og skófir og fléttur Tsing. Hann aðlagast ekki. Hann lærir ekki af reynslunni og er ómeðvitaður um það tengslanet sem hann er hluti af. Hann svífur í gegnum daginn, fastur í sínu eigin mynstri, og virðist ómeðvitaður um sín jarðnesku tengsl og eigin dauðleika. Í þeim skilningi má segja að það sé bæði minnisleysi og hugsunarleysi sem ein-kennir mynstrið sem Thomas lifir eftir. Þetta leiðir einnig hugann að því hvort að Thomas sé tákn fyrir mannkynið sem flýtur sofandi að feigðarósi, hagar sér eins og engin sé morgundagurinn, ómeðvitað um hvernig athafnir daglegs lífs eru hluti af jarðnesku samhengi og hvíla á auðlindum Jarðar. Ef Thomas er draugur, getur þá verið að draugurinn sé tákn fyrir mannkyn sem aðhefst ekkert og er fast í sínu mynstri?

En hvað með Töru? Hún heimsækir Thomas, lædist um eigið heimili og felur sig í gestaherberginu. Hún birtist þannig bæði sem vera úr fortíðinni og vera sem tilheyrir framtíðinni. Hennar tími er annar en tími Thomasar. Er það hún sem horfir á okkur úr framtíðinni? Er það hún sem truflar okkur, minnir okkur á að við búum í örmagna heimi og sýnir okkur um leið fram á að lífið þurfi ekki að vera svo slæmt þó að allt fari úr skorðum, þó að við neyðumst til að endurhugsa lífnaðarhætti okkar og okkar jarðnesku tengsl, ætlum við að lifa af?

Jarðnesk tengsl

Tara er afturganga sem heimsækir okkur úr ímyndaðri framtíð en hún er líka skrímsli sem er meðvitað um sín jarðnesku tengsl. Allt frá byrjun reynir hún að lifa lífinu í heterótópiunni án þess að setja mark sitt á Jörðina, og þegar hún byrjar að aðlagast lífinu í 18. nóvember tekur hún líka að njóta þess að dvelja í tímanum. Hún hlustar og tekur eftir veröldinni í kringum sig, hún finnur innri ró og sækir í aðstæður þar sem hún finnur fyrir samsveiflunni. Í samhengi sögunnar er freistandi að líta svo á að lykilinn að hamingjunni sé að hvíla í aðstæðum hverju sinni, hvíla í vandanum sem fylgir því að vera manneskja í ákveðnum aðstæðum – en einnig að leggja rækt við jarðnesk tengsl og samsveifluna. Það er á vissan hátt eirðarleysið og óttinn við að horfast í augu við heiminn eins og hann er sem veldur okkur mestum kvölum.

Þetta upplifir Tara í öðru bindi skáldsögunnar þegar þörf hennar fyrir að upplifa árstíðir verður óbærileg. Hún leggst í ferðalög í þeirri von að geta endurskapað árstíðir.⁸⁵ En á sama tíma laumar Balle inn umræðu um loftslagsbreytingar í textann og heldur áfram með þá umræðu í þriðja bindi.⁸⁶ Tara missir

⁸⁵ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur II*, bls. 78–85.

⁸⁶ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur II*, bls. 96, Balle *Rúmmálsreikningur III*, bls. 154. Sjá enn

áhugann á að ferðast. Hún áttar sig á því að það sé ekkert nema blekking að ætla sér að upplifa árstíðir með því að ferðast. Hún þarf að setta sig við að veðrið er það sama dag eftir dag. Þannig beinir hún líka athygli lesandans að því hvernig veðráttan er að breytast. Hugsanlega munu árstíðirnar verða óþekktanlegar eftir einhver ár.

Í fjórða bindi skáldsögunnar birtist okkur hópur fólks sem situr fastur í 18. nóvember en vill ekki setta sig við að hver dagur sé öðrum líkur og finnur enga eirð í sér. Þau ferðast stöðugt frá einum stað til annars og nota tímaslaufuna til að haga sér eins og túristar í eilífum sumarleyfi. Olga, vinkona Töru, hefur á orði að „þau noti heiminn upp til agna, þau leggi þau landsvæði í eyði sem þau ferðast um.“⁸⁷ Hún segir að þau séu eins og engisprettufaraldur. „Þau éta heiminn upp og um leið og þau hafa tæmt einn veitingastað, kaffihús eða verslanir sem verða á vegi þeirra, heimta þau meira,“ útskýrir hún.⁸⁸ Olga kallar þau árstíðarskrímli en Tara segir að ef til vill ætti frekar að kalla þau óskhyggjuskrímli. Þau óska þess að heimurinn sé öðruvísi en hann er og þau vilja fá óskir sínar uppfylltar, hvað sem það kostar. Tara segir: „Þau spyrja ekki hvað sé í boði. Þau spyrja sig að því hvað það sé sem þau óska sér og fara svo af stað til að útvega sér það. Þau óska sér sífellt meira og meira: nýrra staða, betra sumars en á síðasta ári, nýrra vetrar-rétta, nýttindra sveppa úr fjarlægum skógum. Þau vilja eignast nýja vini og ferða-félaga, þau óska þess að eignast nýja skó og fersk ber.“⁸⁹ Þessi lýsing minnir mjög á lýsingar Hartmut Rosa á því hvernig við lifum í hraðasamfélagi samtímans og hvernig okkur sé stöðugt innrætt að til þess að vera hamingjusöm þurfum við sífellt að sjá meira, upplifa meira, ná betri árangri, setja okkur ný markmið. „Það eru alltaf ný fjöll sem þarf að klífa, próf sem þarf að standast, þrep á frama-stiganum sem þarf að ná, [...] staðir sem þarf að heimsækja og taka myndir af,“ skrifar Rosa, og bætir við að hvarvetna í samfélaginu dynji á okkur skilaboð um „að lykilinn að góðu eða betra lífi felist í því að víkka út þann heim sem sé innan seilingar.“⁹⁰ Gagnrýni Hartmuts Rosa á hraðasamfélagið er jafnframt gagnrýni á neyklusamfélagið og hvernig slíkir lifnaðarhættir verði til þess að rjúfa tengsl okkar við bæði sjálf okkur og það sem raunverulega skiptir máli í lífinu.

Balle vísar ekki í Hartmut Rosa með beinum hætti en gagnrýni hennar á neyklusamfélag samtímans og það hvernig hún stillir upp hliðarsamfélagi við hlið þess samfélags sem er okkar og einkennist af áherslu kapitalismans á af-

fremur Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 155.

⁸⁷ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 138.

⁸⁸ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang IV*, bls. 140.

⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁰ Hartmut Rosa, *Det ukontrollerbare*, bls. 12 og 15.

köst, skilvirkni, framleiðslu og mælanlegan árangur, er um margt hliðstæð. Þau sem lifa í heteróptópiunni sem Balle dregur upp í *Rúmmálsreikningi* þurfa hvorki að keppast við að ná skilafrestum né að hljóta viðurkenningu frá umheiminum. Velgengni þeirra verður ekki mæld í neyslu, framleiðsluhraða eða afköstum. Líf þeirra verður ekki innihaldsríkara eftir því sem þau hlaupa hraðar eða tikka í fleiri box heldur er það þegar þau hægja á ferðinni, leggja við hlustir og leitast við að lifa í sem mestri sátt við umhverfi sitt að hamingjan læðist aftan að þeim. Þau finna til samsveiflunnar og skilja um leið hvernig þau eru hluti af einni samverkandi jarðneskri heild. Þau finna til ábyrgðartilfinningar og umhyggju gagnvart samferðafólki sínu og eru meðvituð um hvernig ákvarðanir þeirra og athafnir hafa áhrif. Hlutverk þeirra er meðal annars að sjá til þess að lifnaðarhættir þeirra valdi sem minnstum skaða fyrir þau sem koma til með að taka við og styðja þau sem eiga undir högg að sækja. Þau gera sér grein fyrir því að endalokin nálgast en vissan um eigin dauðleika gerir þau meðvituð um að besta leiðin til að lifa er að dvelja í tímanum fremur en að vera í sífelldu kapphlaupi við tímann.

Í fimmta bindi segir frá hópi fólks sem lifir eins og safnarar í 18. nóvember. Þau ferðast hægt yfir og leitast við að skilja eftir eins lítil ummerki á Jörðinni og hægt er.⁹¹ Lýsingin Balle á lifnaðarháttum þeirra minnir óneitanlega á burðar-pokakenningu Ursulu Le Guin frá árinu 1986, þar sem litið er á safnara sem fyrirmyndir fremur en að upphefja veiðimanninn sem notar oddhvassa, harða hluti til að koma vilja sínum fram, níðast á öðrum, til þess eins að hreykja sér í sögulok. Hefðbundin saga hefur því miður kennt okkur að veiðimaðurinn er hetja og sigurvegari, en þau sem fara hægar um og lifa í meiri sátt við umhverfi sitt falla gjarnan í skuggann.⁹² Le Guin sækir kenningu sína til bókar Elizabeth Fisher, *Women's Creation*, frá árinu 1979.⁹³ Hvorki Fisher né Le Guin finna sig í þeirri hetjusögu sem upphefur veiðimanninn sem beitir ofbeldi til að komast af og benda þess í stað á safnarann sem fyrirmynd, enda má líta svo á að sá sem lifi í sátt við umhverfi sitt og nýti aðeins það sem til fellur verði að lokum sá sem standi eftir sem raunverulegur sigurvegari og lifi farsælu lífi í sátt við umhverfi sitt og samferðafólk. Safnarinn, ólíkt hetjunni, ferðast með ólíkar og oft mót-sagnakenndar sögur í farateskinu. Hann hlustar á reynslu annarra, tengir saman ólíkar frásagnir og er gjafmildur á þekkingu sína. Safnarinn er meðvitaður um

⁹¹ Solvej Balle, *Om udregning af rumfang V*, bls. 158.

⁹² Ursula K. Le Guin, *Bæreposeteorien om fiktion*, þýðandi Karsten Sand Iversen, Kaupmannahöfn: Forlaget Virkelig og Laboratorium for Æstetik og Økologi, 2018.

⁹³ Elizabeth Fisher, *Woman's Creation. Sexual Evolution and the Shaping of Society*, Garden City, N.Y.: Anchor Press, 1979.

að sjónarhorn hans er ekki algilt og að reynsla hvers og eins mótar afstöðu hans og túlkun.

Rúmmálsreikningur er burðarpokasaga. Ekki aðeins eru það lifnaðarhættir safnarans sem Tara aðhyllist, heldur hefur Tara einnig helgað líf sitt því að tína upp og koma auga á mola úr flæði tímans, svo notað sé orðalag frá Walter Benjamin. Í grein sinni „Um söguhugtakið“ fjallar Benjamin um nauðsyn þess að hætta að hugsa um söguna sem línulega framfarasögu (þar sem hún er útilokandi og ætíð skrifuð út frá sjónarhóli sigurvegarans) og hvetur til þess að við hugsum um söguna sem tíma sem er uppfullur af nú-tíma, tíma sem felur í sér hverja og eina nútíð sem þegar hefur átt sér stað (svipað og Tara gerir í 18. nóvember). Eins og Benjamin útskýrir með hugtaki sínu um díalektískar myndir er það tilviljunum háð hvort við rekumst á hluti sem tala til okkar og geta opnað flæði milli tveggja tímaheilda. En til þess að auka líkur okkar á að koma auga á þessa hluti verðum við að leggja við hlustir og horfa vel í kringum okkur, og einkum og sér í lagi að gæta þess að festast ekki inn í hinni línulegu hugsun um framfarir sem borin er uppi af sigurvegaranum hverju sinni.⁹⁴

Lýsing Balle á Töru virðist oft og tíðum vera innblásin af bæði kenningum Le Guin og Benjamins. Tara safnar bókum og hlutum úr fortíðinni en hefur lítinn áhuga á hinni hefðbundnu sögu sem lengi vel hefur útilokað konur og öll þau sem hafa orðið undir í framfarasögu valdhafanna sem krýna sjálfa sig sem sigurvegara.⁹⁵ „Það var ekki saga hlutanna sem vakti áhuga minn, það var allt það sem hafði fallið út úr sögunni,“ segir Tara á einum tímupunkti.⁹⁶ Tara lítur á tímann sem einhvers konar ílát, þrívítt rými, sem hún ferðast um í og inn í þetta ílát safnar hún hlutum sem tala til hennar á einhvern hátt og hafa einhverja sögu að geyma sem fellur ekki hæglega að hefðbundinni línulegri söguframvindu. Tara tekur afstöðu gegn línulegri framvindu þar sem hetjan stendur uppi sem sigurvegari eftir að hafa lagt jörðina í eyði. Á einum tímupunkti segir hún: „Ég vopna mig með þolinmæði, ég vil leita og safna.“⁹⁷

Á þeim trúamatísku tímum sem við lifum nú þar sem loftslagsváin vofir yfir okkur, stríð geisa sem aldrei fyrr, mannréttindi standa höllum fæti og hugmynda-kerfi virðast við það að hrynja, höfum við þörf fyrir burðarpokafrásagnir, frá-

⁹⁴ Walter Benjamin, „Um söguhugtakið (Greinar um söguspeki)“, þýðandi Guðsteinn Bjarnason, *Hugur* 2005, bls. 27–36.

⁹⁵ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur III*, bls. 56–68.

⁹⁶ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur II*, bls. 180.

⁹⁷ Solvej Balle, *Rúmmálsreikningur II*, bls. 165. Sjá einnig alla frásögn Töru frá degi 165 á bls. 165–169, þar sem hún stillir sögu hetjunnar (Rómverjanna) upp sem andstaðu við sjálfa sig sem safnara.

sagnir sem sýna okkur ekki lífið hér og nú sem endapunkt á glæstri framfarasögu, heldur frásagnir sem veita okkur innsýn í heim þar sem annars konar lifnaðarhættir úðkast, þar sem fólk lifir í sátt við umhverfi sitt og Jörðina en lifir engu að síður góðu lífi. Burðarpokafrásögn leiðir ekki að neinum skýrum endapunkti. Hún opnar á fleiri spurningar en hún svarar. *Rúmmálsreikingur* er þannig saga. Þrátt fyrir að það sé Tara sem segi söguna þá skapar hún rými fyrir ótal aðrar frásagnir og raddir innan sinnar frásagnar. Hlutverk okkar sem lesenda er að leggja við hlustir. Munum að lokum að heterótópían er ekki útópískur staður, heldur raunverulegur staður, og ef við erum tilbúin til að leggja smávegis á okkur, endurhugsa lifnaðarhætti okkar og jarðnesk tengsl, getum við ef til vill gert hana að viðmiðinu fremur en frávikinu, heimi þar sem mannveran lifir í sátt við aðrar jarðneskar verur, af ást til heimsins en ekki af ást á heiminum.

Ú T D R Á T T U R

Skáldsagan *Rúmmálsreikingur* (*Om udregning af rumfang*) eftir danska rithöfundinn Solvej Balle hefur vakið mikla athygli í hinum alþjóðlega bókmenntaheimi á síðustu árum. Skáldsagan er hugsuð sem verk í sjö hlutum og á síðustu fimm árum hafa sex bindi komið út í Danmörku. Skáldsagan segir frá Töru Selter, sem situr föst í tímanum og upplifir sama daginn, 18. nóvember, aftur og aftur. Eftir því sem líður á söguna hittir Tara fleiri og fleiri sem sitja fastir í 18. nóvember og deila með henni hliðarveruleika í afmörkuðu tímarými utan hins hefðbundna tíma. Balle hefur sjálf skilgreint söguna sem tilgátusögu sem sé drifin áfram af hugmyndum. Skáldsagan á í stöðugu samtali við samtíma sinn og í greininni eru færð rök fyrir því hvernig hún snertir á djúpan hátt á ýmsum málum er varða líf okkar í samtímanum, ekki síst loftslagsbreytingum og ágangi mannsins á auðlindir jarðar, auk þess sem lesa má hana sem hljóðláta gagnrýni á framfarahyggu, áherslu á skilvirkni, framleiðslu og vald hins sterka sem einkennir og mótar samfélag okkar í dag. Í greininni er hugtak Michels Foucaults um heterótópiur, áhersla pósthúmanískra fræða á jarðnesk tengsl, aðlögun, ást og umhyggju, sem og hugtak Hartmuts Rosa um samsveiftu notuð til að greina þennan ímyndaða hliðarveruleika og sýnt fram á hvernig Balle gagnrýnir og afbyggir hugmyndina um línulega framvindu og framfarir og nýtir sér aðferðir sem eiga ýmislegt sameiginlegt með burðarpokakenningu Ursulu Le Guin um skáldskap til að sýna okkur fram á að það líf sem við lifum nú sé ekki endilega það besta mögulega.

Lykilorð: *Rúmmálsreikingur* eftir Solvej Balle, tilgátuskáldskapur, pósthúmanismi, samsveifla, heterótópiur, ást, umhyggja, aðlögun, burðarpokakenning um skáldskap

ABSTRACT

Dwelling in time

**On love and care in Solvej Balle's
speculative novel *On the Calculation of Volume***

The novel *On the Calculation of Volume* (*Om udregning af rumfang*) by Danish author Solvej Balle has attracted much attention in the international literary world in recent years. The novel is conceived as a work in seven parts, and in the last five years six volumes have been published in Denmark. The novel tells the story of Tara Selter who is stuck in time and lives through the same day, 18 November, over and over again. As the story progresses, Tara meets other people who are stuck in 18 November and share an alternative time-space outside of traditional time. Balle herself has defined the story as speculative fiction, driven by ideas. The novel is in constant dialogue with contemporary society and the article draws out how it relates deeply to various issues in our present, not least climate change and man's encroachment on Earth's resources, as well as how it involves a discreet critique of progressivism, of the emphasis on efficiency, production and might-makes-right that characterizes and shapes our society today. The article makes use of Michel Foucault's concept of heterotopias, a post-humanist emphasis on earthly relations, adaptation, love and care, as well as Hartmut Rosa's concept of resonance to analyze this imaginary alternate reality and shows how Balle criticizes and deconstructs the idea of linear progress and deploys a methodology that has much in common with Ursula Le Guin's carrier bag theory of fiction to demonstrate that the life we live is not necessarily the best of possible lives.

Keywords: *On the Calculation of Volume* by Solvej Balle, Posthumanism, Speculative Fiction, Resonance, Heterotopias, Love, Care Adaption, Carrier bag theory of fiction

SIGRÚN ALBA SIGURÐARDÓTTIR

Doktor í dönsku, sjálfstætt starfandi fræðimaður og rithöfundur
sigrunalba@hi.is